

Fundur fræðslu- og skólanefndar þann 25.febrúar 2019, klukkan 20:00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar

Mættir: Þorbjörg, Sigrún Erla, Monika, Gunnsteinn og Kristgeir

1. Rætt um stöðu Kríubóls varðandi eldvarnarhurðir, en eins og kom fram á síðasta fundi greindi Inga leikskólastjóri frá því að það vanti 2 slíkar hurðir eftir breytingar sem gerðar voru á húsnæðinu fyrir mörgum árum. Kristgeir heyrir í bæði Svan slökkviliðsstjóra og Matthías Páli um þetta mál. Ákveðið að leitað verði til leikskólastjóra og óskað eftir bæði teikningum af húsnæðinu auk skýrslum frá brunaeftirlitinu fyrir næsta fund.
2. Fyrirhugaðar breytingar á salernisaðstöðu nemenda GSNB rætt. Svo virðist sem mikil umræða sé í samfélaginu um þessar breytingar, þ.e. að sameina salernisaðstöðu kynja (unisex salerni). Ákveðið að fá betri kynningu á þessum breytingum frá skólastjóra á næsta fundi.

Fundi slitið kl 21:15.